



Nefndar- og greiningarsvið Alþingis

Umhverfis- og samgöngunefnd

Þingeyjarsveit 30. nóvember 2023

Efni: Umsagnar frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, 478. mál.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar hefur tekið til umsagnar frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Sveitarstjórn hefur á fyrri stigum málsins sent inn umsögn vegna málsins sem á enn við.

Í 1. gr. laganna kemur m.a. fram að hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sé að jafna mismunandi útgjaldapörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem setta eru um starfsemi sjóðsins.

Áherslur stjórnvalda hafa verið að efla sveitarstjórnarstigið, auka sjálfbærni sveitarfélaga og bæta enn frekar þjónustu við íbúa, m.a. með sameiningu sveitarfélaga.

Þingeyjarsveit varð til við sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar í maí 2022. Við sameininguna varð til landmesta sveitarfélag á Íslandi með rúmlega 1400 íbúa og flókna útgjaldapörf. Vegalengdir innan sveitarfélagsins eru miklar og því verður útgjaldapörfin mun flóknari en í þéttbýlli sveitarfélögum af sambærilegri stærð. Vegna mikilla vegalengda innan sveitarfélagsins er ekki möguleiki á að færa tilteknar rekstrareiningar undir eitt þak. Þingeyjarsveit rekur þrjá skóla, fjórar leikskóladeildir, tónlistardeildir á þrem stöðum, tvær íþróttamiðstöðvar og tvær slökkvistöðvar. Í sveitarfélaginu eru tveir byggðakjarnar í Reykjahlíð og á Laugum. Smærri íbúakjarnar eru við Þingeyjarskóla í Aðaldal og Stórutjarnaskóla í Ljósavatnsskarði auk víðfeðmra dreifðra byggða, frá fjöru til fjalla. Ef frumvarpið verður að lögum lækka framlög til Þingeyjarsveitar um 27,7% eða um tæpa 61 milljón króna á ári. Þingeyjarsveit gerir þónokkrar athugasemdir við drög að frumvarpi til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Einföldun á regluverki og úthlutunarreglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga virðist síður taka mið af sífelldum auknum og flóknari verkefnum sveitarfélaganna sem gerir rekstrarumhverfi þeirra mismunandi m.a. vegna landfræðilegra aðstæðna og dreifbýlla fjölkjarnasveitarfélaga. Það er ekki eðlilegt að einföldun á regluverki sjóðsins verði til þess að íþyngja sveitarfélögum með flóknar útgjaldaparfir. Nauðsynlegt er að endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs tryggji skilvirka og réttláta úthlutun fjármuna til ólíkra sveitarfélaga.

Í 5. gr. e lið er fjallað um framlög til skólaaksturs í dreifbýli. Þar segir „Til greiðslu framlaga vegna skólaaksturs í dreifbýli. Útreikningur framlaga byggist á upplýsingum frá sveitarfélögum um akstursleiðir úr dreifbýli sveitarfélags og fjölda grunnskólabarna á hverri leið sem eiga heimili lengra en 3,0 km frá skóla, miðað við 1. október ár hvert. Framlög taka mið af lengstu akstursvegalengd á hverri leið frá heimili að skóla, fjölda barna, stærð ökutækis og fjölda skóladaga á viðkomandi

skólaári. Ráðherra setur vinnureglur um úthlutun framlagsins samkvæmt tillögum ráðgjafarnefndar og að fenginni umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga.“

Rétt er að vekja athygli á kostnaður við hverja akstursleið er sú sama hvort sem er eitt eða fleiri börn í bílum á hverri leið. Því er ekki rétt að stuðullinn byggji á fjölda barna heldur taki frekar til stærðar bíla. Mikilvægt er að greiðslur vegna skólaaksturs taki mið af eignum kílómetrum og fjölda leiða sem aka þarf.

Í 13. gr. er fjallað um lækkun eða niðurfellingu framlaga. Rétt er að benda á að ekki er nóg að taka til fjölda íbúa þegar tekin er ákvörðun um lækkun eða niðurfellingu framlaga. Taka þarf tillit til sérstakra aðstæðna s.s. landfræðilegra, samsetningu byggðar og atvinnulífs.

Í viðauka 1. gr. er fjallað um útgjaldabreytur.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar gerir athugasemdir við forsendur stuðuls um snjómokstur og telur þær ekki réttlátar og bæta ekki jöfnun líkt og markmiðið er. Sveitarstjórn tekur undir bókun Grýtubakkahrepps þar segir m.a.: Mögulega liggur gallinn í landfræðilegum forsendum og líklega er ekkert tekið tillit til helmingamoksturs. Auðvelt er að fá upplýsingar um snjóalög hjá Veðurstofu en alþekkt er að þau eru mikil t.d. á norðanverðum Vestfjörðum og Norðausturlandi. Vegagerð getur gefið upplýsingar um helmingamoksturskerfið. Auðvelt er að fá ítarlegar upplýsingar um kostnað við snjómoksturs úr ársreikningum sveitarfélaga.

Dæmi um stuðla vegna snjómoksturs, allir í plús:


- Stykkishólmur 0,0265
- Grundarfjörður 0,0232
- Snæfellsbær 0,0492
- Ísafjörður 0,0169
- Súðavík 0,0270
- Dalvíkurbyggð 0,0432
- Grýtubakkahreppur 0,0315

Í svörum ráðuneytis í „Skýrslu um samráð“ er jöfnun vegna helmingamoksturs hafnað, þar sem þá muni sveitarfélög mögulega fara að moka snjó að óþörfu þar sem hvati geti myndast í kerfinu. Í fyrsta lagi er afar ólíklegt að framlög sem myndast vegna snjómokstursþyngdar dugi fyrir nema litlum hluta af þeim kostnaði sem af hlýst. Í öðru lagi skal enn minnt á „búsetufrelsi“ þ.e. ef meining á að vera á bak við orðið, hlýtur að þurfa að bæta skilyrði til búsetu í þeim sveitarfélögum þar sem helmingamokstur er stór þáttur. Hann snýst um að íbúar komist til skóla og vinnu, raunar í mörgum tilvikum eftir malarvegum. Á því er síðan ekki heldur að sjá bót næstu áratugi m.v. samgönguáætlun. Hér virðist því stefna ráðuneytis um „búsetufrelsi“ ekki ná til dreifðra byggða t.d. í sveitarfélagi eins og Þingeyjarsveit. Að það sé bæði óþarfi að leggja vegi bundnu slitlagi og einnig að moka þá að vetri, setur stefnu um jafna þjónustu óháð búsetu í sérkennilegt samhengi.

Í „skýrslu um samráð“ er einnig fjallað um stuðla vegna snjómoksturs og hafnað að endurskoða þá. Í skýrslunni er eftirfarandi mynd sem sýnir snjómoksturskostnað pr. íbúa eftir landshlutum:



Kostnaður vegna snjómoksturs á hvern íbúa



Á henni kemur fram að moksturskostnaður á Norðurlandi eystra er 6 sinnum meiri á íbúa en á Vesturlandi. Í því ljósi er þeirri spurningu enn ósvarað, hvernig t.d. Snæfellsbær getur fengið hærri stuðul í plús en sveitarfélög við Eyjafjörð þar sem snjóþyngsli eru hvað mest á landinu. Þetta þarf að skoða og leiðrétta ef villa finnst.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar ítrekar fyrri athugasemdir við snjómoksturstuðul: Samkvæmt fyrirliggjandi drögum er gert ráð fyrir að stuðull vegna snjómoksturs byggi á kílómetrum innan þéttbýlis. Ekki er gert ráð víðfeðmum sveitarfélögum með stóran hluta vegakerfis í helmingamokstri á mótis við Vegagerðina, líkt og er í Þingeyjarsveit. Rétt er að taka fram að um 60% helmingamoksturs á Norðursvæði Vegagerðarinnar er í Þingeyjarsveit.

Hlutverk Jöfnunarsjóðs er að gera ráð fyrir mismunandi gerð sveitarfélaga .s.s. hvað varðar landfræðilega stærð þeirra. Í umræddum frumvarpsdrögum virðist ekki vera nóg gert til að koma til mótis við flóknar útgjaldabætur í víðfeðmum sveitarfélögum.

Sveitarstjóri
F.h. Þingeyjarsveitar.

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri.

